AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 277 1. júlí 1976, með síðari breytingum.

5. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld.
   a) Garðyrkjustöðvar kr. 35,60 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda, og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fasteignagjald af íbúðarhúsum, kr. 1,75 á mánuði af hverjum rúmmetra.
   b) Íbúðarhús kr. 191,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði um hemil.
   c) Iðnaðarhús kr. 99,80 fyrir hvern mínútulítra á mánuði um hemil.
   d) Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera kr. 35,60 á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald kr. 2,20 á mánuði af hverjum rúmmetra íbúðarhúss og kr. 1,31 á mánuði af hverjum rúmmetra iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utanmál húsa.
   e) Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir, ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.
2. Hemlagjöld.
   a) Fyrir hemla allt að 3/4" kr. 136,00 á mánuði.
   b) Fyrir hemla 1"—2" kr. 241,00 á mánuði.
   c) Fyrir hemla 3" og stærri kr. 432,00 á mánuði.
3. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 3 mánuði samfellt.

7. gr. orðist þannig:

Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

a) Hús allt að 400 rúmmetra kr. 28 600,00 og kr. 21,40 af hverjum rúmmetra þar fram yfir.
b) Heimæðagjöld gróðurhúsa skulu vera kr. 39 400,00 af hverjum sek.l.

Heimæðagjöld skal greiða, þegar heimæð hefur verið lögð og áður en hún tengist hitakerfi hússins.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 2 380,00.

9. gr. orðist þannig:

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 595,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.